

26. apríl 2005

Dagskrá:

Fundastaður: Hótel Framnes í Grundarfirði

Fundarstjóri: Guðbjörg Aðalbergsdóttir skólameistari Fjölbrautaskóla Snæfellinga

Fundarritarar: Bryndís Práinsdóttir og Guðjónína Sæmundsdóttir

Pema:

**Símenntun fólks með litla formlega skólagöngu
Stefna, áherslur, markmið og leiðir**

Priðjudagur 26. apríl

10:00 Kynning á þema fundarins

Inga Sigurðardóttir formaður Kvasis

Inga bauð gesti velkomna og kynnti þema fundarins. Hún kynnti fundastjóra fundarins; Guðbjörgu Aðalbergsdóttur og gaf fundarstjóra stjórnina.

Guðbjörg Aðalbergsdóttir bauð gesti velkomna og bað viðstadda um að kynna sig. Á fundinn voru mætt: Ingi Bogi Bogason, Samtökum iðnaðarins, Ingibjörg E. Guðmundsdóttir og Sigrún Magnúsdóttir, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Jóhanna Þórdórsdóttir, SFR, Arna Jakobína Björnsdóttir og Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, Símei, Garðar Vilhjálmsson, Eflingu, Bryndís Práinsdóttir og Jóhann Ingólfsson, Farskólanum, Guðjónína Sæmundsdóttir, Sólveig Sveinsdóttir og Ellert Eiríksson, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Sigurður Ólafsson, FNA, Brynjar Ingason og Smári Haraldsson, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Inga Sigurðardóttir, Svava Svavarsdóttir, Ingibjörg Stefánsdóttir og Ása Björk Stefánsdóttir, Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi, Guðrún Fríða Pálsdóttir, Víf Snæfellsbæjar, Kristín Njálsdóttir, Landsmennt, Bergþóra Þórhallsdóttir, Visku, Guðrún Kristín Jóhannsdóttir, Fræþingi, Hörður Ó. Helgason, FVA, Svanfríður Jónasdóttir, Hrefna B. Jónsdóttir, SSV og Þórunn Kristinsdóttir, Vlf Stjórnunni.

10:15 **Hvað þurfum við? – Hvað viljum við?**

Þórunn Kristinsdóttir formaður Verkalýðsfélagsins Stjörnunnar

Þórunn fjallaði um að efla þyrfti sjálfsvirðingu ófaglærðra. Hún velti því upp hvernig við fáum ófaglærða til að sækja þau námskeið sem eru í boði? Margt er í boði og hefur verið lengi. Það sem er „inni“ núna er meiraprófið og vinnuvélaprófin. Það eru menn sem eru í þokkalegri vinnu og eru í þessu til að auka vinnuönguleika sína. Óþlæggður akur eru einstaklingar sem eru að vinna í frystihúsum og togurum og eru jafnvel að koma inn í þessi störf 16 ára gamlir. Í kjarasamningum er að þeir eiga rétt á 40 tíma fiskvinnslunámskeiðum. Þau voru mikið sótt hér áður fyrr. Svo breyttist vinnumarkaðurinn og sérhæfing kemur til. Einnig hefur orðið mikil fjölgun á erlendu starfsfólki. Verkalýðsfélögin þurfa að fá fyrirtækin til að halda námskeiðin, lágmark 10 manns. Námskeiðin eru í 8 klst. á dag til kl. 17:00 á daginn en fólk er bara að öllu jöfnu að vinna til kl. 16:00. Til að ná fjöldanum eru íslendingar og t.d. Pólverjar settir saman, einn kennari og námsefnið kemst ekki til skila. Atvinnurekendur taka út einn og einn af námskeiðinu til að fara í vinnu. Atvinnurekendur borga stundum námskeiðsálagið án þess að námskeiðið sé tekið. Til að námskeiðið nýtist betur þarf að brytja námskeiðið meira niður sérstaklega fyrir ófaglærða t.d. fiskvinnslunámskeiðin. Það eru til góðir leiðbeinendur fyrir alla ófaglærða hópa en vinnuveitendur hafa engan áhuga á að stuðla að menntun fyrir þennan hóp. Námskeið fyrir ófaglært fólk þarf að vera í heimabyggð. Menntað fólk gerir sér grein fyrir að það þarf að halda sér við og er

Þar af leiðandi tilbúið til að keyra til að sækja námskeið. Erlent starfsfólk er oft með þokkalega góða menntun en þurfa íslenskukunnáttu. Að hafa 2-3 túlka dregur oft námskeiðin á langinn og betra væri að skipta hópnum. Flestir ófaglærðir vilja ekki langtíma nám heldur frekar styttri námskeið sem kveikja áhugann. Til að kveikja áhugann þarf maður á mann aðferðina í þessum geira. Þórunn telur að það hafi verið mistök að starfsmenntasjóðirnir styrktu ekki tólmstundanám. Hefur sem betur fer breyst. Verkalýðsfélögin hafa oft komið til móts við sína félagsmenn, bæði staðið fyrir námskeiðum og niðurgreitt þau. Þórunn minntist á forvarnarfulltrúann sem staðsettur er í Fjölbrotaskólanum í [Grundarfirði] og nær þar af leiðandi til fólksins í skólunum en hann fer ekki í fyrirtækin. Hún velti því fyrir sér hvort það væri fólkið sem ætti að fara í hundana? Það má ekki gleyma þessu fólki. Það er vandamál að námskeið falla niður vegna þátttökuleysis. Finnst Grunnmenntaskólinn [hjá Mími] áhugaverður og hefur áhuga á að koma því námi á hér. Námskeið þurfa að vera stutt í einu, á einu tungumáli, í samvinnu við atvinnurekendur, auglýsa vel, hnykkja á námskeiðunum áður en skráning rennur út. Unga fólkið var henni sérstaklega hugleikið.

10:35 Stéttarfélag og fræðslumál – af hverju.

Garðar Vilhjálmsson fræðslustjóri Eflingar – stéttarfélags

Garðar sagði starfsmenntun vera sprotna úr grasrótinni. Rekur aðkomu launafólks að skipulagi menntunar frá upphafi allt til nýju framhaldsskólalaganna. Launafólk og atvinnulífið hefur verið að koma að menntamálum og fræðslu. Símenntun iðnaðarmanna var á þeirra eigin kostnað í upphafi. 1992 kom starfsmenntaráð. 2000 eru kjarasamningar um fræðslusjóði „óflaglærðra“, að mestu varið í grunnám. Hvað er grunnám – símenntun. Hugtök á reiki. Símenntun á einum tíma er grunnmenntun á öðrum tíma. Þarf náði og stöðugt samstarf milli stjórnvalda og atvinnulífsins til að greina á milli frá einum tíma til annars. Grunnmenntun verði færð undir opinber framlög. Símenntun verði greidd af atvinnulífinu. Þekkingarsamfélagið, stig þekkingar og menntunar, skiptir sköpum fyrir samfélagið og viðgang þess. Góð grunnmenntun og menntun alla ævina, símenntun, er lykillinn að stöðu einstaklinganna á vinnumarkaði og í samfélaginu almennt. Menntastefna er atvinnustefna, menntastefna er lífskjarastefna. Tvenn meginrök fyrir öflugri símenntun. Bæði efnahagsleg rök og kjaramál, þ.e. vaxandi þörf fyrir menntað starfsfólk og samfélagsleg rök, borgaraleg réttindi þ.e. vaxandi réttlætiskrafa um að einstaklingarnir hafi jafna möguleika á að vera þátttakendur í þekkingarsamfélaginu. Ræðir þróun borgaralegs réttar. Segir m.a. þar að á 21. öldinni geti menn sagt að borgaraleg réttindi séu; menntun alla ævi, t.d. aðgangur að upplýsingatækni. Þetta þýðir; allir Íslendingar eigi rétt á tveggja til fjögurra ára námi eftir grunnskóla. Framboðið geti komið frá núverandi framhaldsskólum og öllum þeim sem telja sig geta boðið þessa menntun að gefinni löggildingu Menntamálaráðuneytisins.

Ræðir áherslu Eflingar: Við stefnumótun í starfsfræðslu skuli stefnt að sem bestu samráði við þá aðila sem komi að viðkomandi starfsgrein. Við framkvæmd starfsmenntunar skuli stefnt að því að nota þá fræðsluaðila sem bestir eru og hagkvæmastir hverju sinni. Stefnt skal að því að allt nám sem Efling býður verði matshæft í fræðslukerfi framhaldsskóla eða samkvæmt öðru viðurkenndu matskerfi. Þannig verði komið í veg fyrir blindgötur í námi og Eflingarfélagar geti byggt sitt nám og þekkingu upp á gagnsæjan hátt. Hlutverk aðila vinnumarkaðarins er ekki að reka skóla heldur stefnumótun, rannsóknir, þarfagreining og námsráðgjöf á vinnustöðum. Einnig er hlutverkið; gæðakröfur, í samvinnu við stjórnvöld og eftirlit í samvinnu við stjórnvöld og / eða rannsóknarstofnanir. Hvernig: Í stígvélin og út að tala við fólkið. Í jakkafötin eða dragtina og út. Þ.e. fyrirtækin þurfa að vera með. Maður á mann aðferðin. Hugmyndir: Draga saman einstök fyrirtæki og starfsmenn þeirra og fræðsluaðila. Setja fyrirtækið í kastljósið. Stöðugt áreiti, sölumennska. Ræðir trúnaðarmann fræðslumála. Í Bretlandi hefur hann lögbundinn rétt til að fá greiddan, fimm daga þjálfun og stuðning frá baklandinu. Eru ráðgjafar. Þróa fræðslunefndir innanhúss, koma að þjálfun og

þróun. Hvað er framundan? Opna samgang milli mismunandi kerfa, s.s. skóla og endurmenntunar. Rekur það. Nefnir námslán og að fleiri menntaleiðir séu til innan framhaldsskólakerfisins og annað tækifæri til náms.

11:00 **Tækifæri og hindranir.**

Jóhanna Þórdórsdóttir, fræðslustjóri SFR – stéttarfélags í almannáþjónustu.

Ætlar að fjalla um þekkingarþjóðfélagið og fólk með litla formlega menntun. Þekkingar samfélagið gerir mikla kröfur til fólks t.d. tölvunámskeið, tungumál, leiðtogaþæfni o.s.frv. Við náum ekki til allra en af hverju? Það er mikilvægt að greina það. Það eru margar hindranir s.s. lesblinda, einstaklingarnir vinna við ólík störf, á mismunandi aldri, skólarnir eru fast mótaðir þ.e. hvernig eigi að læra og það hentar ekki öllum, fjölgreind – tilfinningagreind, fólk hefur mismunandi reynslu af námi, aðgengi að námi er ekki alltaf gott, einstaklingar hafa lág laun og þurfa að sjá að námið hækki launin eða þurfa að vera í tveimur vinnum til að ná endum saman. Þessi hópur þarf sérstaklega mikla hvatningu. Einnig er vandamál að margir hafa sótt mörg námskeið en eru alltaf jafn ófagglærðir. Nefnir dæmi um 18 ára þingmenn sem eru farin að reka bíl og annað sem fylgir og geta ekki lækkað tekjur sínar. 40 ára kona með grunnskólapróf vildi fara í nám í vinnu, talaði við atvinnurekandann en ekkert gerðist en svo fór lögfræðingurinn á sama vinnustað strax í nám. SFR hefur staðið fyrir námskeiðum s.s. Rekspól, starfsnám stuðnings- og meðferðafulltrúa. Fræðslusetrið Starfsmennt var sett á laggirnar til að vera hugmyndabanki, umsjónaraðili, framkvæmdaaðili, að meta þörf fyrir fræðslu hjá einstökum stofnunum eða stofnanahópum, hafa frumkvæði að námskeiðum. Starfsmennt kemur með hugmyndir að námskeiðum og aðilar út í bæ eru fengnir til að halda námskeiðið. Starfsumhverfi stofnana hefur breyst mikið á undanföllum árum, auknar kröfur um þekkingu. Því er starfsþróun og sí- og endurmenntun orðin mikilvægari þáttur í rekstri stofnana. SFR fór af stað með hvatningarverkefni fyrir stofnanir ríkisins á sviði starfsþróunar og þjálfunar s.s. „Brettum upp ermar“, „Að treysta grunninn“ og „Ráðgjafi að láni“. Margir fóru af stað við að setja upp fræðlustefnu. Í kjölfarið var mikið haft samband við SFR og þá var verkefnið „Ráðgjafinn að láni“ sett af stað. Ráðgjafinn aðstoðaði stofnanir við að leiða ferlið áfram. SFR hafa unnið með atvinnurekendum til að gera starfsfólkið hæfara og það er háttur stofnunarinnar. Hver eru tækifærin, vera hvetjandi, þarfagreina, viðhorf Íslendinga til símenntunar, Grundtvig, Nordplus Voksen, nýjar kennsluáferðir, krafa um skilvirkni, reynsla – nýta hana. Hindranir eru: tími, peningar, skortur á hvatningu, lítið sjálfstraust og sundurleitun hópur.

11:20 **Ávinningur fyrirtækja**

Ingi Bogi Bogason menntafulltrúi Samtaka iðnaðarins fjallar um símenntun fólks með litla skólagöngu með hliðsjón af þörf fyrirtækja fyrir starfsfólk með fjölbreytilega hæfni og færni, m.a. færni og vilja til að læra að læra.

Telur það réttlætismál að fólk fái að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Réttlætismál. Þau fyrirtæki sem ekki sinna þessari þörf eru að vannýta tækifæri sín til að styrkja stöðu sína í samkeppni. Segir grundvallarbreytingar hafa orðið í íslensku atvinnulífi síðastliðinn 15 ár. Háskólar hafa sprungið út. Auka þarf nám á háskólastigi sem hefur beinni skírskotun í atvinnulíf. Iðn og starfsmenntun þarf meiri fjölbreytni svo eitthvað sé nefnt. Fleiri þarf með betri tölvumenntun, fleiri sem kunna að selja, fleiri sem kunna að stýra verslun og svo frv. Aðrir þættir skipta líka máli eins og fólk sem er lítt skólagengið. Þarna þarf að leggja áherslu á þverfaglega þætti. Kenna fólki að rækta mannkosti sína. Sumir eru of mikið menntaðir fyrir störf. Fyrirtækin hafa ekki alltaf þörf fyrir mikla menntun. Aðrir hafa þörf skipta meira máli, t.d. að kunna að leiða hóp, stýra hópi og svo frv. Ógnanir atvinnulífs voru verðbólga, ofveiði og fleira. Nú eru það samkeppnisforskot. Stöðug efnahagsstefna er grundvöllur fyrir rekstri fyrirtækja. Aðföng

Vorfundur Kvasis í Grundarfirði

fyrirtækja skipta máli; gott hráefni, húsnæði og fl. Þetta skiptir engu máli ef starfsfólkið er ekki fyrsta flokks. Sýnir árlegt meðaltal vaxtar framleiðni vinnuafis og fjármagns í iðnaði, en sprenging varð 1992-2000. Þar kemur EES inn í, þjóðarsátt, menntun. Fjöldi skráðra nemenda á framhalds- og háskólastigi 1997 -2004. Línan tók stökk um árið 2000. Vill sjá línu um endurmenntun í atvinnulífunu með hinum línunum. Þarf að huga betur að unga fólkinu sem eru á vinnumarkaði. Veltir fyrir sér hvað brottfall úr skóla þýðir. 2002-2003 ljúka 2396 hæfnis og réttindaprófi af framhaldsskólastigi. 2921 ljúka á sama tíma prófi úr háskóla. Samtals: 5317. Brottfall úr framhaldsskóla er 2757 og úr háskóla 2037, eða samtals 4794. Í brottfallshópnum er fólk sem er hans markhópur. Stór hluti fólksins fer aftur í skólann. Stór hópur aflar sér reynslu og þekkingar á vinnumarkaði. Skoðar afdrif brottfallshópsins 1997-1998 árin 1999-2003. Tæpur helmingur hefja ekki nám á þessum tíma. Stór hluti er í háskólanámi. Þarf að auka fjölbreytni starfsnáms, fleiri brautir. Mæta nemendum á þeirra forsendum. Laga menntunina betur að þörfum fyrirtækjanna. Varhugavert að lofa því að einhverju námi fylgi ákveðin réttindi. Hlusta á fyrirtækin um það hvað þau þurfa en raddir þeirra eru ekki hljómmiklar. Telur góða hluti vera að gerast hjá FA, Starfsmennt og fleiri aðilum. Eigum að láta peningana vinna með okkur, eigum að krefjast markvissra rannsókna af háskólastiginu. Atvinnurekendur eiga að fá að ráða ferðinni. Vilja horfa á framhaldsskólakerfið sem tæki í þessu skyni. Er sannfærður um það að við vinnum þessu hópi mest gagn með því að byggja upp kerfi sem horfir á atvinnulíf morgundagsins.

11:40 Hækkun þekkingarstigsins með öflugu starfi í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, framkvæmdarstjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

Hækkun þekkingarstigsins með öflugu starfi í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun. Sýndi rannsókn frá Hagstofunni. Ísland útskrifar mjög fáa úr framhaldsskólakerfinu. Hlutfall þeirra sem höfðu lokið framhaldsskólanámi á aldrinum 25-31 árs árið 2001 á Norðurlöndunum, þar erum við slökust. Það hefur verið mikil kyrrstaða á Íslandi. Ingibjörg sýndi tölur um námskeiðssókn eftir menntun árið 1998 og eru það þeir sem eru með háskólanám fyrir sem sækja mest menntun. Þeir sem hafa starfsnám og grunnskólanám eru að mennta sig meira hér hjá okkur í símenntun og er það gleðilegt. Vandinn við námskeiðahald er að einstaklingar eru alltaf að sækja námskeið en eru alltaf jafn ófaglærðir. Þar kemur að FA. Hlutverk þess er að efla námsframboð, aðstoða Menntamálaráðuneytið við að þróa aðferðir. Markhópur FA er ófaglærðir einstaklingar. Nefnir verkefni eins og; Þarfagreiningar, verslunarfagnám, fiskvinnslunámskeiðin, Fiskur og ferðaþjónusta. Þátttaka í lestrarrannsókn. Sex námskrár hafa orðið að námsframboði og nokkrar eru í farvatninu. Þarf að taka höndum saman um að finna góð tækifæri í atvinnulífinu. T.d. hefur MSS unnið að námskrá fyrir ófaglærða í heilbrigðisþjónustu og fyrir starfsfólk í laugum og böðum. Þrjár námskrár eru á leiðinni í mat. 3-4 eru í vinnslu. Framundan er vinna við gæði námsskráanna. Þarf að virkja þannig að námskráin sé kennd út um allt land. Námskrárnar verði metnar inn í framhaldsskólann og þarf að virkja það ferli. Eru að fara í heimsóknir og eru búin að tala við FÁ og FB og voru þeir mjög jákvæðir. Raunfærnimat er mál sem er FA hugleikið. Nú er unnið að upplýsingaöflun, eru með tilraunaverkefni og var raunfærnimat rauði þráðurinn í Gáttinni. Framundan eru fleiri tilraunaverkefni, búið að sækja um Leonardo verkefni. Ætlunin er að ráðleggja Menntamálaráðuneytinu um hvernig hægt sé að nýta sér raunfærni á landsvísu. Hafa verið að þróa aðferðir vegna markhópsins s.s. námsráðgjöf á vinnustaðnum, þjálfun fræðslufulltrúa. Framundan er að finna leiðir til fjármögnunar fyrir fyrirtæki og einstaklinga og dreifa þekkingunni til fleiri aðila á landsvísu.

Vorfundur Kvasis í Grundarfirði

Gæðamál eru líka í brennidepli. Hefur ekki mikið verið unnið í þeim undanfarið. Það sem unnið hefur verið í er m.a. kennslufræðinámskeið, Mennt er að vinna að vottun fræðsluaðila og grunnvinnu vegna gæðastaðla. Framundan á að búa til gæðahandbók með samstarfsaðilum FA, fleiri námskeið, fjölbreyttari og víðar.

12:30 Hádegisverður

12:00 Fyrirspurnir og almennar umræður um framsögur

Hörður Helgason

Hann nefndi að framhaldsskólinn hefði oft verið nefndur í þeim erindum sem eru búin og var verið að tala um formlegt nám og óformlegt nám og mat inn í framhaldsskólann. Hlutverk framhaldsskólans er að mennta fólk. Framhaldsskólinn er opinn og sveigjanlegur og kemur til móts við marga. Mikilvægt að við stöndum saman um að standa vörð um sveigjanleika framhaldsskólans. Framhaldsskólarnir standa frammi fyrir því að sækja um pening fyrir þá sem vilja sækja um og þá þarf kannski að vega og meta hverjir komast inn. 30 framhaldsskólar eru á landinu og eru allir opnir og sveigjanlegir fyrir alla. Meinar að ekki vanti fleiri starfsnámsbrautir etv. öðruvísi brautir. Námsbrautir sem eru skilgreindar í aðalnámskrá eru 97 fyrir utan Meistaraskólann. Framhaldsskólinn hefur eitthvað fyrir fólk sem á í erfiðleikum með bóknað. Brottnámshópurinn er stór og ef maður horfir á þetta eitt og sér þá ríkir svartsýni. En hægt er að spyrja sig hvað er formlegt nám og hvað ekki, nefndi dæmi frá Noregi þar sem sá sem hættir í framhaldsskóla fær skírteini um það sem hann er búinn með. Nefndi sérstaklega hópinn sem kemur ekki í framhaldsskóla eftir grunnskóla, þann hóp þyrfti að styðja sérstaklega.

Ingibjörg

Hún nefndi tölurnar frá Hagstofunni. C flokkur undir framhaldsskólanum þar eru allir settir sem hafa verið 1 ár eða meira í framhaldsskóla. Norðmenn eru með fagbréf og eru þar af leiðandi duglegri að staðfesta námið. Þeir sem hafa 1 ár eða meira í framhaldsskóla eru með í könnuninni sem Ingibjörg sýndi í erindi sínu áðan.

Arna Jakobína Björnsdóttir

Hún nefndi að það væri mikið af hæfum íslenskum einstaklingum í atvinnulífinu í útlandinu vegna þess að þeir hafa mikla reynslu af atvinnulífinu.

13:30 Löggjöf um fullorðinsfræðslu?

Svanfríður Jónasdóttir fyrrverandi alþingismaður

Svanfríður segir frá námi sínu. Er að skrifa ritgerð um hópinn sem ekki er með formlegt framhaldsskólapróf á aldrinum 25-40 ára. Talar við einstaklingana. Er að reyna að ná ákveðnum samanburði milli dreifbýlis og þéttbýlis. Spurning Svanfríða er: hvað vill þetta fólk? Er nóg að auglýsa og fólkið kemur á námskeið. Þetta er félagslegt mál.

Námstækifærin þurfa að hæfa þessu fólki. Námstækifærin eru skipulögð af fólki með annan bakgrunn en þeir sem eiga að sækja námskeiðin. Mikilvægi sí- og endurmenntunar þeirra sem stysta skólagöngu hafa.

Telur upp fjóra punkta: Mannauðinn, aukna samkeppnishæfni þjóðarinnar, jafnrétti til náms og aukin hæfni einstaklinga í atvinnulífi og aukin lífsgæði þeirra. Nefnir ólæsi eða torlæsi, segir frá auglýsingaherferð í Englandi varðandi les og skriflæsi. Telur að einstaklingarnir eigi ekki aðeins að bera ábyrgð heldur beri stjórnvöld líka ábyrgð á þessum málum.

Telur það alvarlegt íhugunarefni að 40 % vinnuafslins hafa einungis grunnskólamenntun eða minna. Brottfall úr framhaldsskóla er mikið, 10 % hefja ekki nám og milli 20 og 30 % ljúka ekki námi þótt þau hefji skólagöngu. Þeir sem hafa minni menntun sækja sér síður símenntun. Spyr hvernig við getum látið þetta ástand viðgangast. Telur framhaldsskólann ekki mæta þessum hópi þrátt fyrir sveigjanleikann.

Vorfundur Kvasis í Grundarfirði

Hið jákvæða er þó að verkalýðshreyfingin og Samtök atvinnulífsins hafa skilning á málinu. Símenntunarmiðstöðvar hafa komið til, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er orðin til. Spyr hvar stjórnvöld séu? Telur að fyrst og fremst sé horft á símenntunarmiðstöðvar sem byggðauðræði, en ekki sem farveg fyrir menntun. Ef horft er á lagarammann þá eru það lög um framhaldsskólann 80/1996 og lög um starfsmenntun í atvinnulífinu 19/1992. Annað í umgjörðinni er samkomulög og átaksverkefni, stundum tengd gerð kjarasamningum. Ákvarðanir teknar við gerð fjárlaga hverju sinni.

Spyr hvort kominn sé tími til að setja frekari löggjöf um fullorðinsfræðslu. Til hvers? Hvaða ákvæði þurfa að vera í slíkri löggjöf? Skilgreina réttindi og skyldur allra þeirra aðila sem koma að fullorðinsfræðslu. Telur að þegar ákveðinn strúktur er kominn á starfsemi símenntunarmiðstöðvanna sé hægt að setja um þær lög. Skilgreina réttindi og skyldur þeirra. Ræðir aðeins ávísanakerfið sem Garðar nefndi fyrr.

Til hvers lög? Hverjir eiga rétt á fræðslu? Hverjir eiga að hafa fræðsluna með höndum? Hver á að hafa yfirumsjón? Betra að ábyrgð sé á einni hendi. Hver á að standa straum af kostnaði? Þetta verður glíma. Ríkið tók iðnfræðsluna yfir 1955. Því ætti ríkið að taka fullorðinfræðsluna. Hver á að hafa frumkvæðisskyldu?

Efni löggjafar. Innifelur markmið og gildissvið. Yfirstjórn. Hver á að koma ríkis og sveitarfélaga að vera? Fyrirkomilag kennslu. Námsmat og eftirlit með gæðum.

Fjárhagur. Hver er hugsanlegur ferill þegar um lagasetningu er að ræða? 1. Samstaða helstu hagsmunaaðila um efni og mikilvægi hugsanlegrar löggjafar. 2. Kynningarferli gagnvart löggjafarvaldinu. 3. Pólítísk ákvörðun er tekin; ráðherra skipar starfshóp um efnið. 4. Skýrsla verður til og niðurstöður eru kynntar. 5. Frumvarp verður til. 6. Frumvarp sent til umsagnar hagsmunaaðila. 7. Umsagnir metnar og hugsanlegar breytingar gerðar. 8. Frumvarp samþykkt og gildistími ákvarðaður.

Skoðun Svanfríðar: Bregðast þarf við brottfalli úr skólum með stórauðinni náms- og starfsráðgjöf og viðurkenningu á fjölbreytilegu námi. Þeir sem hafa horfið frá námi vegna þess að menntakerfið mætti ekki þörfum þeirra eiga rétt á öðru tækifæri. Það þarf að setja lög sem skilgreina réttindi fólks, skyldu stjórnvalda og aðkomu annarra í þessum efnum.

Fyrirspurnir - umræður.

Hörður Helgason segir nokkur orð um starfið áður en lögin um framhaldsskólana komu. Löggjöf er nauðsynleg en það verður að vanda til þeirra og þau mega ekki hamla grasrótinni.

Ingi Bogi Bogason segir að menn hugleiði ekki nógu vel að finna skyldan samnefnara fyrir þessi mál. Búið að stofna Mennt og FA. Telur okkur holt að hafa lagaramma. Nefnir frumkvæði sem átti sér stað vítt og breytt um landið við stofnun símenntunarmiðstöðvanna. Mikilvægt að halda í frumkvæðið. Lagarammi er nauðsynlegur sem leyfir þetta mikla frelsi.

Smári Haraldsson: Pakkar ágæt erindi. Segir frá stofnun samtaka um fullorðinsfræðslu á Íslandi; **Leiknar.** Rekur ástæður fyrir stofnun samtakanna, sem er að mikið er að gerast á þessu sviði. Vantaði samnefnara til að koma fram gagnvart stjórnvöldum og aðilum erlendis. Segir að við munum sjá miklar breytingar á fullorðinsfræðslu. Minnst á brottfall úr framhaldsskólum. Segir stóran hóp ekki finna sig í framhaldsskólanum, þar sem fyrst og fremst er hugsað um stofnunina. Í fullorðinsfræðslunni er litið á einstaklingana og þarfir hans fyrst og fremst og unnið út frá þeim. Það þarf að nálgast nemandann eins og hann er. Telur kennsluáðferðirnar m.a. fæla krakkana burt úr skólanum. Segir fullorðinsfræðsluna vera að taka upp nýjar áðferðir.

Ingibjörg Elsa: Nefnir þrasið um stærð markhópsins. Aðalmálið er að hópurinn er allt of stór. Nefnir að Danir vilji minnka þennan hóp. Danir hafa lög um fullorðinsfræðslu.

Vorfundur Kvasis í Grundarfirði

Fyllilega tímabært að huga að lagasetningu. Gerist ekkert með lagasetningu ef ekki er hugað að peningum. Kosturinn í okkar kerfi er hið mikla grasrótastarf.

Katrín Dóra Þorsteinsdóttir. Telur mikilvægt að skilgreina réttindi og skyldur en telur Menntamálaráðuneytið hafa tilhneigingu til að líta á fullorðinsfræðslu og fjarnám sem byggðasjónarmið. Telur mikla vinnu framundan varðandi þetta.

Inga Sigurðardóttir: Mikil viðkvæmni við að greiða niður fullorðinsfræðslu af því að hún er á markaði.

Ása Björk Stefánsdóttir. Telur marga framhaldsskóla vera að nálgast nemendur út frá þeirra forsendum

Hörður Ó Helgason: telur ekki rétt að allir framhaldsskólar séu stofnanamiðaðir. Ánægjulegt að breyta þurfi kennsluaðferðum. Framhaldsskólinn í Grundarfirði er stefnumótandi í nýjum kennsluaðferðum. Skólinn byggir á einstaklingsmiðuðu námi.

Svanfríður Jónasdóttir: Frumkvæði getur orðið þreytt. Telur það hafa gerst hjá framhaldsskólunum. Nefnir rammalög, eins og um háskólana. Svanfríður er að hugsa um að gengið verði þannig frá málum að þetta deyi ekki með einstaklingunum hjá símenntunarmiðstöðvunum.

Sigurður Ólafsson tekur undir þetta og nefnir stuttan starfstíma forstöðumanna.

Ellert Eiríksson. Stór hópur þeirra sem eru atvinnulausir eru illlæsir og illskrifandi. Telur suma skammast sín fyrir að geta ekki skrifað og lesið. Þótt þeir eigi kost á námi þá nýta þeir sér það ekki. Nefnir frammistöðu Finna á könnunum (grunnskólanemar) en þar eru kennararnir allir með masterspróf í kennslu.

Hörður Helgason. Það er stórt vandamál að nemendur séu að hætta eftir eitt til tvö ár. Telur gott starf vera unnið í skólunum varðandi brottfall. Segir frá ástæðum brottfalls. Margar ástæður hafa komið fram. Telur krakka spyrja sig, hvað þau fái út úr náminu. Nefnir stóriðjubrautina. Nemendur spurðu hvort þeir fengju vinnu og hærra laun ef þau tækju brautina. Í nýjstu samningum er ekkert ákvæði um þetta.

Guðbjörg fundarstjóri segir frá könnun sem hún er að fara af stað með. Skoðar hvað það er í framhaldsskólanum sem getur haft áhrif á brottfall. Skoða málið innanfrá.

Ingibjörg Stefánsdóttir spyr um fjárhag nemenda.

Hörður Helgason segir sögu af fjárhag. Dæmi um nemanda sem þarf að kaupa bíl og getur því ekki verið í skóla.

Umræður um fjárhag og gerfiþarfir nemenda og heimilanna. Guðbjörg nefnir að skóli sé full vinna.

Katrín Dóra Þorsteinsdóttir. Segir frá því að hægt sé að þekkja suma af þessum nemendum allt frá því í grunnskóla.

15:15 **Hópastarf - Hvað þurfa fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni að gera til að ná til fólks með litla formlega skólagöngu.**

Bryndís Þráinsdóttir

Könnun um það hvort setja eigi lög um fullorðinsfræðslu og allir sögðu já nema einn. Niðurstöður hópavinnu um hvað fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar þurfi að gera til að ná til fólks með litla formlega skólagöngu.

Ráðgjöf:

Ráðgjöf á vinnustaði,
Hlusta á ráðgjöf
Náms og starfsráðgjöf (einstaklingsbundin ráðgjöf)

Samstarf:

Samstarf-viðhorf
Samstillt átak hagsmunaaðila
Samstarf um fyrirtækjaskóla
Fjármagn, fyrirtæki, félagslega kerfið og fl.
Atvinnumiðlanir
Í gegnum fyrirtækin

Þarfir:

Tímasetning námskeiða
Þarfagreining hópsins
Framtíðarsýn (námsmat)
Tryggja framboð viðeigandi námskeiða
Fjölbreytni
Stutt námskeið

Peningar:

Fjármögnun
Tryggja fjármagn og aðgengi
Peningar!

Kennsluaðferðir:

Stutt og hnitmiðuð námskeið
Einstaklingsmiðuð nám
Einstaklingsbundin meðferð (lesblindu)
Kennslufræði fullorðinna
Aukin fagmennska
Kennslufræði, aðferðir-framboð

Markaðssetning:

Nýtt hlutverk einstaklinganna
Skýr skilaboð
Sérstök menntunaráttök
Munn við munn
(Samstarf) Sölumenn / markaðssetning-góð vara
Markaðssetning – efla eftirspurn – gulrætur
Námskeiðskynningar í stíl við Tuppervare kynningar
Sýnilegur ávinningur
Sýnileiki
Maður á mann –einstaklingur, -yfirmaður

16: 45 **Fundarlok**

17:30 Lagt af stað í sjóferð sælkerans (heildartími 3 - 4 klst.) Í boði Kvasis. Siglt er inn um Suðureyjar frá Stykkishólmi, plógur settur út og veiddur er ferskur skelfiskur, sem snæddur er hrár að hætti sælkerans. Á Breiðasundi er borinn fram glæsilegur kvöldverður.

Miðvikudagur 27. apríl

Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, Jakobína, Soffía Gísladóttir, Sólveig Sveinsdóttir, Svava Svavarsdóttir, Bergþóra Þórhallsdóttir, Jóhann Ingólfsson, Sigurður Ólafsson, Guðrún Jóhannsdóttir, Guðjónína Sæmundsdóttir, Bryndís Þráinsdóttir, Smári Haraldsson, Inga Sigurðardóttir, Ingibjörg Stefánsdóttir og Brynjar Ingason.

Aðalfundur KVASIS

Kl. 09:00

Skýrsla stjórnar 2004-2005

- ◇ **Skýrslan – Inga Sigurðardóttir**
- ◇ **Ársreikningar – Bryndís Þráinsdóttir í fjarveru gjaldkera**

Inga kynnti skýrslu stjórnar. Stjórnin hélt 13 formlega fundi á árinu og einnig óformlega fundi. Fyrsta verkefni var að mæta hjá fjárveitinganefnd og var farið fram á 14,5 m. fyrir grunnþjónustu. Miðstöðvarnar fengu 9,5 m. Það vakti athygli í fjárlaganefndinni að ekki kom beiðni frá Menntamálaráðuneytinu um fjárveitingu til Miðstöðvanna. Niðurstaða í nefndinni um opinberan stuðning við fjarkennslu á landsbyggðinni liggur ekki fyrir ennþá. Menntabruin var sett í formlegan farveg á árinu. Erlend samskipti voru mjög lítil á árinu. EAEA eru einu erlendu samtökin sem Kvasir er aðili að. Stjórnin hefur efasemdir um aðild þar sem einu tengslin eru að borga 100.000 kr. á ári. Sótt var um styrk til Nordplus Voksen um raunfærni verkefni. Beðið er eftir niðurstöðu. Stjórn Kvasis fór á fund rektors Háskólans á Akureyri vegna breytinga á inntökuskilyrðum nemenda. Meiri kröfur voru gerðar bæði til undirbúnings nemenda og að fleiri þyrftu að vera á hverjum stað til að mynda námshóp. Haustfundur var á Egilsstöðum og þar var m.a. fjallað um nefndina „góðu“ og fengu Inga og Katrín gott veganesti í nefndarstarfið. Breytingar hafa orðið á meðal forstöðumanna. Iðunn hvarf vestur til Ísafjarðar, Líneik, Bergþóra og Katrín Dóra eru að fara á nýjan starfsvettvang. Stjórnin þakkar þeim öllum fyrir gott samstarf.

Bryndís kynnti ársreikninga Kvasis. Innkoma og kostnaður var sama tala fyrir síðasta ár.

Smári þakkar stjórninni fyrir afskaplega vel unnin störf. Honum finnst okkur fara mjög fram í fagmennsku. Honum finnst árið hafa verið viðburðaríkt s.s. stofnun samtaka um fullorðinsfræðslu, samning við FA, vonandi niðurstöðu frá nefndinni „góðu“. Varðandi ársreikninganna þá finnst sumum rekstur Kvasis nokkuð dýr, en t.d. er inni í þessu kostnaður vegna Menntabruar. Ef það ætti að lækka kostnað vegna Kvasis þá væri það helst í fundakostnaði en hvort það væri ráðlegt er hann ekki viss um. Varðandi EAEA þá er hugsanlegt að samtökin um fullorðinsfræðslu taki yfir það.

Soffía Gísladóttir nýr forstöðumaður Símeyjar er að koma úr öðrum samtökum þar sem hittst var 2 á ári og svo voru símafundur og virkaði það vel.

Starfsnefndarskil

- ◇ **Vinnuhópur um þjónustusamning við mmr. – Katrín Dóra Þorsteinsdóttir**

Vorfundur Kvasis í Grundarfirði

Katrín Dóra segir frá starfshópi Menntamálaráðuneytisins. Starfið hefur dregist en er á lokastigi. Alltaf verið að glíma við „byggðasjónarmið” þegar verið er að ræða við Menntamálaráðuneytið. Matsatriði hvort fulltrúar Kvasisi eigi að skila sér niðurstöðu eða hvort eigi að komast að málamiðlun.

Umræður:

Smári: Telur þetta tengjast umræðunni um háskólasetur. Hver verður þróunin. Fræðslumiðstöð Vestfjarða er að verða hrein símenntunarmiðstöð og hugsanlega fleiri miðstöðvar.

Katrín: Segir að ekki séu til fjármunir til að leggja í 9 miðstöðvar (háskólanámssetur). Segir að menn hafi horft til vinnunnar á Vestfjörðum. Málið snýst alltaf um peninga. Nefndarálitinu verðandi fylgja engir peningar. Menn eru ekki tilbúnir að keyra módelið á Vestfjörðum á allar miðstöðvarnar.

Guðrún: Spyr hvort það sé miskilningur að sérstakt fjármagn komi til vegna háskólanámsins.

Katrín segir að ákveðin viðurkenning sé komin á því að um grunnstarfsemi sé að ræða hjá miðstöðvunum og síðan sérverkefni.

Inga: Þegar niðurstaðan er komin verður haldinn félagsfundur.

◇ Stofnun heildarsamtaka um fullorðinsfræðslu á Íslandi – Smári Haraldsson

Smári Haraldsson. Samtökin „Leikn” stofnuð 25. apríl sl. 16 aðilar rituðu undir og fleiri ætla að vera með. Skilyrði fyrir aðild er að þetta séu stofnanir sem fyrst og fremst reka fræðslu „non profit”. Það er að greiðast úr flækjunni sem hefur verið varðandi fullorðinsfræðslu. Smári nefnir fræðsluaðila, bæði á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu. Smári nefnir einkaaðila sem eru á þessum vettvangi og það ræðst í framtíðinni hvort þeir verða með. Telur þessa stofnun mikilvæga sérstaklega til að koma fram gagnvart stjórnvöldum. Telur Kvasi vera nokkurs konar hryggleggju í samtökunum. Ina og Smári sitja í stjórn og er Smári formaður. Smári sér fyrir sér að Mennt taki að sér rekstur samtakanna í framtíðinni.

Spurningar:

Ingibjörg Stefánsdóttir: Spyr hvort þessi samtök taki að sér hlutverk sem Kvasir hafði?

Katrín Dóra: Spyr hvort einhverjar miðstöðvar innan Kvasi ætli ekki að vera með?

Smári telur mikilvægt að allar séu með. Umræður. M.a. rætt um að stjórn Kvasis skoði hvort Kvasir eigi að vera aðili að Leikn fyrir hönd fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna. Stjórnir einhverra fræðslu og símenntunarmiðstöðva hafa gert athugasemdir við kostnað vegna samtaka eins og Kvasis og Leiknar.

Smári: Telur hlutverk Kvasis mikilvægt eftir sem áður sem samstarfsvettvang okkar á landsbyggðinni.

◇ Stjórn Menntabrárarinnar – Sigurður Ólafsson

Sigurður: Stjórn Menntabrárarinnar hittist aldrei á árinu. Erlendur Steinar vissi ekki hver fulltrúi þeirra er á Akureyri í stjórninni. Grettir í HÍ lýsti yfir ánægju sinni með brúna.

Umræður:

Inga mælir með að þessi stjórn haldi fundi, því þetta snúist ekki bara um tækni heldur líka eignaraðild.

◇ Gjaldskrá háskólanema – Bergþóra Þórhallsdóttir

Bergþóra segir frá hugmyndum varðandi gjald fjarnema. Hópurinn leggur til eftirfarandi hugmyndir. Tvær gerðir af námsverum. Námsver 1. Svipað og hjá MSS, þ.e. kennslustofur, tölvur, þráðlaust net, aðgangur að eldhúsi og svo frv. Námsver 2. Eingöngu aðstaða til að sitja kennslustundir og námsaðstaða þegar engin kennsla er. Gjald 5.000 kr á önn í námsveri 1 og 2.500 kr á önn í námsveri 2. Kaffigjald verði 2.000 kr á önn. Ljósritun 10 kr á blað. Prentkvóti gæti verði 3.000 kr á önn.

Umræður:

Smári: Hvernig á að innheimta? Hverja á að rukka? Smári nefnir mismikla notkun nemenda á aðstöðunni.

Ína: nefnir að í háskólunum borga menn sama gjald óháð einingafjölda.

Umræður um gjaldtökuna. Ína nefnir að hjá sér hafi gjaldið verið frá upphafi og nemendur sætt sig við það þangað til nýverið er nemendur fóru að bera sig saman við aðrar miðstöðvar.

Guðrún: Hennar yfirmenn eru á móti gjaldi.

Inga: Segir að þetta skuli kallast aðstöðugjald og er brot af kostnaði. Skráningargjald í mistöðina.

Smári: Spyr hvort háskólarnir séu tilbúnir að rukka þetta? Svo er ekki.

Inga: segir Suðurland ekki munu samþykkja gjaldið. Það er ákvörðun hveðrar miðstöðvar að gera það.

Katrín Dóra. Spyr hvort ekki þurfi að bæta próftökugjaldi inn í.

Bergþóra: Telur okkur getað samþykkt gjaldskrána ef menn ætli að taka þetta upp.

Jóhann: nefnir að hjá Farskólanum sé gjaldið 2.500 kr á önn og enginn hefur hreyft mótmælum.

Ingibjörg ber upp tillögu: Leggur til að gerð verði tillaga sem borin verði upp eftir hádegið. Inga teki að sér að bæta prófagjaldi inn í.

Umræður.

◇ Verkefnastjórn um símenntun – Guðjónína Sæmundsdóttir

Ína: Nefndin kom saman í mars á þessu ári. Hingað til hefur Vika símenntunar verið rædd en engin niðurstaða komin enn. Næst er á dagskrá lög um fullorðinsfræðslu.

Umræður:

Katrín: Spyr um Viku símenntunar.

Bryndís: Spyr hverjir séu í nefndinni. Það eru Jens Pétur Hjaltasteð frá

Menntamálaráðuneytinu, Krístrún Lind Birgisdóttir frá Menntamálaráðuneytinu, Gylfi

Arnbjörnsson frá ASÍ, Margrét Gunnarsdóttir frá Starfsmenntaráði, Jónína frá

Samtökum atvinnulífsins og Elna Katrín Jónsdóttir frá KÍ.

Markviss – Guðjónína Sæmundsdóttir

◇ Samningur um Markviss – undirritun

Ína: Dreifir formlegum samstarfssamningi vegna Markviss. Fer í gegnum samninginn. Ína svarar spurningum. **Sigurður** spyr hvað felist í rekstrinum. Til dæmis heimasíða, auglýsingar.

Vorfundur Kvasis í Grundarfirði

Spurt hvort einhverjir aðilar hjá Leikn hafi áuga á Markviss? Ákvörðun Kvasis hverjir mega taka þátt í Markviss.
Ína spyr hvort hægt sé að undirrita samninginn á næsta félagsfundi sem verður fljótlega.

◇ Gjald miðstöðvanna til Markviss

Ína segir frá því að miðstöðvarnar hafi ákveðið 150.000 kr árið 2003. Búið að samþykkja 100.000 kr 2004 en þær voru ekki innheimtar þar sem peningar voru til. Ína leggur til að við biðum með umræðuna þangað til vitað er hvaða miðstöðvar ætli að vera með í Markviss.

Umræður:

Sigurður spyr hvort ekki þurfi að þjálfra ráðgjafa fljótlega vegna endurnýjunar. Umræður um Markviss ráðgjafa á Reykjavíkursvæðinu.

Smári: Hver á að sjá um þjálfun nýrra ráðgjafa? Hver skrifar upp á hana?

Umræður. Það er klausa um þetta í samningnum.

Smári: Vill hnykkja betur á þjálfuninni í samningum.

Jakobína: Á hvað verðbili er árgjaldið. Ína svarar því til að um sé að ræða 50.000 – 150.000 kr á ári.

Guðrún: Spyr til hvers sé verið að skrifa undir samning þegar enginn endurnýjun sé í Markvissshópnum. Ína segir að stöðvarnar verði að láta vita ef þörf er fyrir hendi.

Soffía: Geta símenntunarmiðstöðvarnar ekki nýtt sér ráðgjafa frá öðrum miðstöðvum.

Katrín Dóra: Segir Farskólann hafa keypt þjónustuna af Símei.

Markviss ráðgjafar sem hætta hjá stöðvunum geta starfað áfram hjá miðstöðvunum.

Sigurður: Finnst skrítið að FA skuli ekki hafa áhuga á þessu.

Ína svarar því til að FA hafi áhuga á þessu t.d. er kveðið á um í samningi við FA um að Markviss aðferðin sé notuð og hefur nú þegar verið eitt Markviss verkefni sem FA hefur keypt af símenntunarmiðstöðvunum.

Fundarstjóri vísar þessu til næsta félagsfundar sem verður í maí.

Endurskoðun samþykta Kvasis – Inga Sigurðardóttir

Inga: Telur þurfa að samþykkja þetta aftur þar sem fundargerð hafi ekki fundist um þetta frá fundinum í Keflavík. Talar um 6.grein þar sem talað sé um varamenn í stjórn en hún leggur til að varamaður verði einn. Umræður.
Fundarstjóri ber upp tillögu um að Guðrún og Inga taki að sér að móta tillöguna fyrir lok fundarins.

Innri mál Kvasis - Staða formanns – (laun?)

Inga minnir á tillögu frá haustfundi þar sem tillögu um laun til formanns var vísað frá.

Umræður:

Smári: Er á móti þessari tillögu.

Jakobína: Telur þetta mikla peninga. Vill frekar sjá eitthver þóknunargjald eins og 200.000 kr á ári til þeirrar miðstöðvar sem tekur að sér formennsku sem gæti þá vaxið í takt við þróun. Stjórnarmenn Kvasis fá þóknun fyrir hvern fund.

Smári lítur á þetta sem hlut af okkar starfi enda skiptist það á milli stöðvanna.

Jakobína: Telur meiri gerjun meðan svona samtök eru óformleg. Hafa frjálsleikann sem lengst, að stöðvarnar taki að sér verkefni. Vill vísa þessu aftur til stjórnarinnar.

Katrín Dóra: bendir á að verkefni hafi verið misjöfn á milli stjórna. Ekki alveg vitað fyrir fram hver verkefni eru. Telur að við hefðum verulegan hag að því að fara í kynningarstarf t.d. í kringum fjárlög.

Vorfundur Kvasis í Grundarfirði

Inga: Telur að fyrrverandi formenn séu sammála um að þeir hafi ekki sinnt því eins og hægt væri að gera.

Umræður um kynningarmál. Spurt hvort hægt sé að skipta þeim á milli stöðvanna.

Katrín fer yfir kynningarmálin og að hægt sé að útfæra þessi mál. **Smári** nefnir að við þurfum að hafa sambönd við fræðslusjóði. **Inga** nefnir að við þyrftum að hafa bás á UT ráðstefnunni.

Umræður.

Jakobína spyr hvort ein stöð gæti kynnt sig og Kvasi í leiðinni. Þetta skilar sér ekki í pólitíkinni segir Katrín. Umræður.

Ákveðið að fara í vinnu kl. 11:33 og flýta matnum til kl. 12:00.

Kl. 12:15 Matur

Kl. 13:15 Afgreiðsla tillagna, ályktanir og kosningar

Tillaga 1.

Aðalfundur Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni, haldinn í Grundarfirði 27. apríl 2005, samþykkir að beina því erindi til Leiknar, samtaka fullorinsfræðsluaðila á Íslandi, að Leikn yfirtaki aðild Kvasis að EAEA.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Tillaga 2.

Aðalfundur Kvasis samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni haldinn í Grundarfirði 27. apríl 2005 samþykkir eftirfarandi viðmiðunargjaldskrá á skráningar- og prófgjaldi fjarnema sem þiggja þjónustu hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöð. Gildistaka gjaldskráarinnar er háð samþykkt hvernar miðstöðvar fyrir sig.

Gjaldskráin miðist við tvær gerðir af námsverum

Námsver nr. 1

Aðgangur að kennslustofu með myndfundabúnaði. Lesaðstaða með tölum eða þráðlausu neti skv. opnunartíma á hverjum stað.

Námsver nr. 2

Aðgangur að kennslustofu með myndfundabúnaði. Lesaðstaða með tölum eða þráðlausu neti þegar engin kennsla er.

Skráningargjald:

Námsver nr. 1 - 5000 kr. á önn

Námsver nr. 2 - 2500 kr. á önn

Auk þess gjald fyrir kaffi/te 2000 kr. á önn þ.e. ca. 150 kr. á viku.

Ljósritun/prentun 12 kr. á blað.

Þar sem er ekki prentað á kvóta gæti gjaldið verið 3000 kr. á önn

Prófgjald:

Grunngjald vegna prófa er 3000 fyrir hvert próf á hvern nemanda.

Ef nemandi er í hóp sem samningur er um við skóla, skal þar kveðið á um kostnað vegna prófa og hver borgar hann.

Vorfundur Kvasis í Grundarfirði

Tillaga var samþykkt með 7 atkvæðum, 1 situr hjá.

Tillaga 3.

Jakobína kom með frávísunar tillögu á tillögu Ingu um að formaður Kvasis fái greitt 20% starfshlutfall. Frávísunartillagan var samþykkt einróma.

Tillaga 4.

Tillaga um breytingu á 6. gr. samþykktum Kvasis. Tillagan var samþykkt einróma.

Tillaga 5.

Tillaga frá Ingibjörgu Stefánsdóttur um að fundurinn álykti eftirfarandi:

Ályktun fundarins

Aðalfundur Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni, haldinn í Grundarfirði 27. apríl 2005, ályktar að brýnt sé að leggja meiri áherslu á menntun þessa stóra hóps samfélagsþegna sem stysta menntun hefur. Aðalfundurinn telur að menntun þessa hóps, eigi ekki aðeins að vera á ábyrgð þeirra einstaklinga sem þann hóp fylla heldur einnig og ekki síður samfélagsins í heild. Þar þarf sérstaklega að huga að þeim sem eiga í erfiðleikum með lestur og skrift, skortir tölvuþekkingu og aðra grundvallarfærni sem krafist er í samfélaginu. Vandí þessara einstaklinga verður ekki leystur nema allir leggist á eitt og þar er þáttur og ábyrgð hins opinbera afar mikilvægur.

Fundurinn leggur því til að lagt verði í sérstakt átak af hálfu hins opinbera til að stuðla að bættri stöðu þessa hóps í samfélaginu. Í verkefnið verði settir fjármunir og metnaður þannig að unnið verði gegn hættu á að í samfélaginu verði til tvær þjóðir; þeirra sem hafa aðgang og taka virkan þátt í þekkingarsamfélaginu og þeirra sem ekki eru með.

Tillagan var samþykkt einróma.

Önnur mál

Kostning stjórnar

Bryndís og Jón halda áfram í stjórn Kvasis eitt ár í viðbót. Inga fer úr stjórn. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum fer inn í stjórn og mun Guðjónína Sæmundsdóttir koma inn fyrir MSS. Fræðslunet Austurlands mun koma inn með varamann í stjórn.

Haustrfundur Kvasis verður haldinn hjá Fræþingi í haust.

Fráfarandi stjórnarformanni voru þökkuð góð störf með lófaklappi.

Inga þakkaði fyrir samstarfið á liðnu ári. Katrínu, Bergþóru, Iðunni og Líneik voru færðar kveðjugjafir frá Kvasis. Inga færði hópnum kveðju frá Jóni og Ásmundi.

Kl. 14:00 Vorfundi slitið

Kl. 14:15 Heimsókn í Fjölbrautaskóla Snæfellinga

Fundarstjóri: Ingibjörg Stefánsdóttir

Fundarritarar: Bryndís Þráinsdóttir og Guðjónína Sæmundsdóttir